

ERINDISBRÉF

fyrir umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráð Húnaþing vestra.

1.gr. Stjórnskipuleg staða

Umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráð heyrir undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Ráðið starfar á umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviði. Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs starfar með ráðinu.

2.gr. Skipan ráðsins

Í umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráði eiga sæti 5 fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir 5 fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa sveitarstjórnar eiga leiðtogi veitna og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Ráðinu er auk þess heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráð kýs formann og varaformann ráðsins á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað. Sviðsstjóri umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs ritar fundargerðir ráðsins.

3.gr. Hlutverk

Umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráðfer með umhverfis- og hreinlætismál í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, með síðari breytingum, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og lög um loftslagsmál nr. 70/2012, málefni vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu og gagnaveitu, í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum, orkulög nr. 58/1967 með síðari breytingum og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 með síðari breytingum, verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum, og málefni sem tengjast framkvæmdum í sveitarfélaginu. Auk verkefna sem umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráð hefur með höndum samkvæmt lögum og samþykkt þessari, getur sveitarstjórn falið ráðinu ýmis verkefni með erindisbréfi. Hlutverk umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráðs er eftirfarandi:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum er lúta að umhverfis- og hreinlætismálum, málefnum veitna og almennra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar varðandi rekstur og framkvæmdir málaflokka þeirra sem heyra undir ráðið.
- Að hafa eftirlit með framkvæmdum, verklega og kostnaðarlega.
- Að hafa eftirlit með því að unnið sé á sviði ráðsins í samræmi við þau lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í málaflokkum þeim sem heyra undir ráðið nái fram að ganga.
- Að fjalla um drög að fjárhagsáætlun viðkomandi málaflokka.

4.gr. Starfshættir

Í störfum sínum skal umhverfis-, veitu- og framkvæmda taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfsvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Húnaþings vestra eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni ásamt öðrum áætlunum, samþykktum og reglum sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn.

Umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sviðsstjóra. Sviðsstjóri sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda ráðsins. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í ráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Formaður umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráðs stýrir fundum ráðsins í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fundargerð skal skrá í tölvu. Þar skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Jafnframt skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Birta skal fylgigögn mála í samræmi við reglur um birtingu gagna með fundargerðum á heimasíðu Húnaþings vestra. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænum hætti.

Fundargerðir ráðsins eru teknar fyrir á sveitarstjórnarfundum. Sviðsstjóri kynnir nefndarmönnum afgreiðslu sveitarstjórnar á fundargerðum umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráðs.

5.gr. Eftirfylgni

Formaður umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til sviðsstjóra umhverfis-, veitu- og framkvæmdasviðs með eftirfylgni staðfesta samþykktaráðsins.

6.gr. Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fulltrúa í umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráði er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins eða sviðsstjóra vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í ráðinu á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til sveitarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, samþykktum um stjórn Húnaþings vestra og öðrum áætlunum, samþykktum og reglum sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn í atkvæðagreiðslu um málefni í umhverfis-, veitu- og framkvæmdaráði.

Fulltrúar í ráðinu eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í ráðinu, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst eftir að nefndarsetu lýkur.

Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fulltrúar í ráðinu skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúi í ráðinu sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt á 404. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem fram fór þann 11. júní 2026.